

45. Stjórnarfundur Nýheima 11. 3. 2015 kl. 8:30

Fundarstjórn: Vala Björg Garðarsdóttir

Ritari: Zophonías Torfason

Forfallaður: Hrafnkell Guðnason

Mætt voru: Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Helga Árnadóttir, Davíð Arnar Stefánsson, Nína Sibyl Birgisdóttir, Fanney Sveinsdóttir, Árdís Erna Halldórsdóttir auk ritara og fundarstjóra.

Efni:

1 - Náttúruskólinn (verkefnahugmynd) – Hugrún Harpa Reynisdóttir kynnti hugmynd sem ber vinnuheitið Hugsjón-Fræðsla-Náttúra (HFN2016). Gengur út frá margþættri umhverfisfræðslu fyrir alla þar sem viðburðum yrði dreift á allt árið 2016. Þar yrði m.a. staðið að útgáfu fræðsluefnis og opnað á fræðsluerindi, farið í ferðir og byggt á þátttöku almennings. Gert ráð fyrir að hópar yrðu myndaðir, m.a. eftir aldri og þroska ungmenna, þannig að verkefnin verði sniðin að þátttakendum. Meginbunginn á starfi fyrir yngra fólk ið þessu verkefni yrði yfir sumartímann. Mjög góður rómur var gerður að þessum hugmyndum. Verkefnið virðist falla vel að starfi og áætlunum margra aðila innan Nýheima og hugsanlegt samstarf kemur til greina um marga þætti, einnig við skólana í sveitarfélagini. Fundarmenn lýstu yfir velvilja til að undirbúa og koma að skipulagi ef eftir því yrði leitað. Bent var á að Hafdíð Roysdóttir í Öræfum hefði verið með hugmyndir um náttúruskóla fyrir nokkrum árum. Fram kom að mikilvægt væri að aðilar ynnu saman þannig að dagskrá ungs fólks yfir sumarið í Hornafirði myndaði heild og til yrði samfella og ekki sköpuðust heldur óþarfa árekstrar. Fram kom í kostnaðarátætlun að reiknað er með því að verkefnið kosti um 14 milljónir króna. Kristín og Helga bentu á möguleika á að koma þessu verkefni að í styrkumsókn að NPA-verkefni sem þær eru að vinna að með Hjörðísi kennara í FAS og var hugmyndin samþykkt.

2 - Aðkoma Nýheima að Vöruhúsinu. Gestur fundarins: Vilhjálmur Magnússon.

Ragnhildur varpaði fram þeirri hugmynd að tengja betur starf Vöruhússins við það sem fram fer í Nýheimum og annars staðar í samfélagini. Vilhjálmur forstöðumaður Vöruhúss benti á að nú væru nemendur að ljúka námi í FAS sem hefðu tekið hluta af verk- og listgreinanámi sínu í Vöruhúsinu og hygðust nú sækja um nám í Listaháskóla Íslands. Þá kom hann inn á að viðburðadagatal er í þróun og nær til viðburða í samfélagini öllu. Fundarmenn lýstu yfir áhuga á því að samstarf og samráð yrði aukið. Nú þegar eru haldin námskeið í Vöruhúsinu í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands og vilji til að auka slíkt enn frekar. Minnst var á að opið hús eins og var um mánaðamótin nóv./des. veki athygli út á við. Verið er að endurskipuleggja innandyra í Vöruhúsinu í takti við starfsemina. Þeir aðilar sem vilja fá inni í Vöruhúsinu eða





óskar eftir að njóta þjónustu þar eiga að snúa sér til Vilhjálms. Davíð velti upp þeim möguleika að kynna betur það sem Vöruhúsið hefur upp á að bjóða, ekki síst fyrir aldurshópin 16-30 ára og Vilhjálmur tók undir það. Liður í því er Viðburðadagatalið, sem nefnt var áður, og er hýst inni á heimasíðu Vöruhússins. Tenging Vöruhússins við Nýheima er mikilvæg í huga fundarfólks og hugsanleg leið til að efla þau tengsl væri aðkoma að stjórnum Nýheima og stungið upp á þeim möguleika að forstöðumaður Vörhúss tæki sæti í stjórninni sem fulltrúi Nýsköpunarmiðstöðvar. Samþykkt að Ragnhildur hafi samband við aðila hjá Nýsköpunarmiðstöð og kanni þennan möguleika. Tillaga kom fram um að halda næsta fundstjórnar Nýheima mið. 25. mars í Vöruhúsinu og var það samþykkt.

3 - Sjávarþorpið Höfn – Fanney og Árdís kynntu málið og rifjuðu upp stefnumótunarvinnu sem fór fram á síðasta ári. Verkefnið er samstarfsverkefni SASS, Ríkis Vatnajökuls og Sveitarfélagsins Hornafjarðar og snýst um að kynna Hornafjörð sem vænlegan áfangastað og búsetukost. Lögð er áhersla á að draga fram það sem skapar jákvæða ímynd byggðarlagsins. Á morgun milli kl. 15 og 17 verður vinnufundur á Nýtorgi í Nýheimum um þessa stefnumótunarvinnu um Sjávarþorpið Höfn þar sem móta á verkefni. Umræðan barst að því hvernig upplýsingar sem safnað hefur verið undanfarin ár frá íbúum hér með íbúaþingi og fleiri slíkum formlegum fundum hefðu lítið verið áberandi og niðurstöður slíkrar vinnu þyrfti að draga fram. Hugsanlega eru þar góðir punktar sem falla vel að þessari stefnumótunarvinnu. Eru hugsanleg tengsl milli verkefnis Hugrúnar Hörpu undir lið 1 og þessa verkefnis?

4 - Málefni Kaffistofunnar - Opin umræða varðandi kaffistofumál í Nýheimum (á Háskólagangi) og afnot af aðstöðunni.

5 - Önnur mál.

- a) Aðalfundur stjórnar Nýheima verðu 13. apríl kl. 15-17 og Davíð minnti á laust embætti formanns stjórnar.
- b) Davíð upplýsti fundinn um að heimasíða Nýheima sé að verða tilbúin.
- c) Spurt var um starfsáætlun fyrir 2015 og kom fram að hún er væntanleg fyrir næsta fund.
- d) Hreinsunardagur Nýheima er ákveðinn síðasta vetrardag, mið. 22. apríl, og verður útiátakið kl. 11:00 -12:20 og endað á hádegishressingu á Nýtorgi.
- e) Rætt um styrkferlið hjá Sóknaráætlun Suðurlands og nýjar úthlutunarreglur. Stjórn Nýheima undirbýr ályktun um málið.
- f) Kynnt hugmynd Bryndísar Flosadóttur um að hún starfrækti fyrir eigin reikning veitingasölu á Nýtorgi í sumar. Vel tekið í hugmyndina.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 10:15.

The image shows a handwritten signature in blue ink. The signature reads "Sophonias Þórhallsson" followed by "Stjórn Nýheima". The handwriting is cursive and fluid.